



Nefndasvið Alþingis
B.t. fjárlaganefndar
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 31. ágúst 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu fyrir árin 2018-2022, 968. mál

Fjárlaganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) um tillögu til þingsályktunar um breytingu á þingsályktun nr. 10/148 um fjármálastefnu 2018-2022, 968. mál.

Ríkisfjármálunum beitt af fullum þunga

Staða og horfur í efnahagsmálum hafi farið hratt versnandi undanfarið. Líkt og vikið er að í greinargerð með þingsályktuninni hafa efnahagshorfur sjaldan, ef nokkru sinni breyst eins mikið á jafn skömmum tíma frá upphafi 20. aldar. Staðan hefur auk þess farið úr því að vera afar góð yfir í að vera mjög slæm á flestum sviðum efnahagslífsins. Í stað hagvaxtar hefur tekið við mesti samdráttur í landsframleiðslu í um 100 ár.

Verkefni hagstjórnar hefur því á tiltölulega skömmum tíma snúist úr því að draga úr þenslu yfir í að milda þennan mikla samdrátt. Verkefnið hefur verið og er að beita opinberum fjármálum með virkum hætti til að vega á móti niðursveiflunni og stuðla að jafnvægi á milli framleiðslugetu og eftirspurnar í samspili við stjórn peningamála. Markmiðið er efnahagslegur stöðugleiki, sem er eitt af grunngildunum í lögum um opinber fjármál. Á sama tíma hefur tölusettum markmiðum laganna verið vikið tímabundið til hliðar. Samtök iðnaðarins eru ánægð með að grunngildin séu þannig að ráða för við þessar aðstæður.

Það er afar hjálplegt, við aðstæður sem þessar, hvað viðnámspróttur þjóðarbúsins var mikill þegar efnahagsleg óveðurský fóru að hlaðast upp yfir landinu. Staða fyrirtækja og heimila var tiltölulega góð og þjóðarbúið í góðu ytra jafnvægi. Einnig skiptir miklu máli að ríkisfjármálin höfðu verið rekin með afgangi um nokkurra ára skeið og skuldir ríkissjóðs höfðu lækkað umtalsvert og voru í góðri stöðu í alþjóðlegu og sögulegu samhengi. Geta ríkisstjórnarinnar til að beita ríkisfjármálunum af fullum þunga, til að verja fyrirtæki og heimili fyrir neikvæðum afleiðingum samdráttarins og skapa í leiðinni hagkerfinu nauðsynlega viðspyrnu inn í nýtt hagvaxtartímabil, var því meiri en oft áður og meiri en hjá mörgum erlendum ríkjum.

Forgangsröðun í þágu samkeppnishæfni og verðmætasköpunar

Samtök iðnaðarins vilja benda á að mikilvægt sé að forgangsröðun í ríkisfjármálum endurspegli þá meginþætti sem líklegastir eru til að efla samkeppnishæfni Íslands um þessar mundir og undirbyggja þar með kröftuga viðspyrnu hagkerfisins, fjölgun starfa og bætt lífskjör landsmanna



litið til framtíðar. Í því sambandi lýsa SI ánægju sinni með það sem fram kemur í greinargerð tillögunnar um að sköpuð verða skilyrði fyrir nýju vaxtar- og framfaraskeiði í verðmætasköpun í efnahagslífinu með umfangsmiklu framkvæmdaátaki og arðbærum fjárfestingum í menntun og nýsköpun. Einnig fagna samtökin þeim áformum sem ætlað er að bæta starfsumhverfi fyrirtækja. Ráða þessir þættir miklu um samkeppnishæfni Íslands til framtíðar líkt og undirstrikað er í stefnu Samtaka iðnaðarins og bent er m.a. á í skýrslu samtakanna „Ísland í fremstu röð – eflum samkeppnishæfnina“.

Varhugavert að ofmeta kraftinn í uppsveiflunni

Við þessar aðstæður er hættulegt að ofmeta væntan viðsnúning hagkerfisins. Með ofmati eru gefin fölsk skilaboð um þörf fyrir hagstjórnaraðgerðir. Líkt og fram kemur í greinargerð tillögunnar er djúpstæð óvissa um hagþróun næstu missera. Fjármálastefnan byggist á efnahagshorfum sem komu fram í uppfærðri þjóðhagsspá Hagstofu Íslands frá því í júní síðastliðnum. Um er að ræða nokkuð gamla spá enda hafa aðstæður breyst töluvert frá þeim tíma, bæði hérlendis og erlendis.

Sóttvarnaaðgerðir og mótvægisáðgerðir í opinberum fjármálum virðast ætla að gera niðursveifluna á þessu ári mildari en reiknað var með um tíma. Sýnir það mátt slíkra aðgerða. Á móti kemur að hertari mótvægisáðgerðir í kjölfar nýrrar bylgju faraldursins hér á landi og víða erlendis sýna að vaxandi líkur eru á að bíða þurfi lengur eftir uppsveiflunni en áður var reiknað með. Hagvöxtur á næsta ári gæti því hæglega orði minni en gert er ráð fyrir í spá Hagstofunnar.

Þegar óvissa er mikil í efnahagsmálum er hjálplegt að tefla fram sviðsmyndum og í því sambandi fagna samtökin því að í greinargerð með tillögunni séu slíkar sviðsmyndir settar fram. Þar er til að mynda sýnd dekkri sviðsmynd í efnahagsframvindunni á afkomu- og skuldastöðu hins opinbera. Samtökin eru þó ekki sannfærð um að þær sviðsmyndir gefi nægilega skýra heildarmynd á mögulega þróun efnahagsmála og því hefðu samtökin viljað sjá fleiri og ítarlegri sviðsmyndir í greinargerðinni.

Sjálfbærni tryggð með kröftugri viðspyrnu hagkerfisins

Samtökum iðnaðarins þykir líklegt að hagvöxturinn verði hægur á næsta ári nema gripið verði til frekari aðgerða í opinberum fjármálum og peningamálum til þess að örva efnahagslífið til vaxtar. Með umfangsmiklum og réttum aðgerðum í hagstjórn má hins vegar skapa hagkerfinu kröftuga viðspyrnu sem skilar vexti langt umfram næsta ár. Með þeim hætti er best tryggð sjálfbærni í ríkisrekstrinum – halla snúið í afgang með því að lækka kostnað og laga hann að sterkari tekjuhlíð ríkisfjármála.

Virðingarfyllt,

Ingólfur Bender,
aðalhogfræðingur SI

Sigurður Hannesson,
framkvæmdastjóri SI